

KIRKJUGARÐARÁÐ

132. fundur haldinn 13. júní 2016

á skrifstofu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og síðan framhaldið í Skálholti.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð og Sigurgeir Skúlason verkefnastjóri ráðsins. Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings boðaði forföll

Gestur: Halldór Arason endurskoðandi frá Deloitte.

1. Setning fundar

Fundur settur kl. 9:05 og.

2. Framlag ríkisins til kirkjugarða - Ársreikningur 2015

Kynning frá Halldóri Arasyni endurskoðanda Deloitte. Ljóst er að sjóðurinn hefur verið rekinn með halla undanfarin ár og var ráðið hvatt til að ráða bót á því.

Ástæðan er fyrst og fremst grafargjaldið auk kostnaður vegna tölvuþjónustu.

Kristín Huld óskaði eftir að Kirkjugarðaráð fari í saumana á kostnaðarliðum og að stefnt verði að því að lagfæra hallann sem fyrst. Reikningurinn var samþykktur og undirritaður.

Fundir frestað.

Fundi var haldið áfram kl: 11:00 í Skálholti

3. Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

4. Hin forni Víkurkirkjugarður í Reykjavík – svar til sóknarnefndar Dómkirkjunnar

Kristín Huld gerði grein fyrir aðkomu Minjastofnunar Íslands að málinu. Kynnt var erindi Minjastofnunar og Borgarsögusafns sem sent var til Borgarráðs þar sem hvatt var til þess að staðið yrði fyrir samkeppni um endurgerð kirkjugarðsins þannig að ljóst yrði hvaða tilgangi svæðið gegndi áður fyrr. Jafnframt yrði komið fyrir upplýsingaskiltum um sögu svæðisins og fornir legsteinar gerðir sýnilegir á svæðinu. Ljóst er að málefni niðurlagðra kirkjugarða eru ekki í höndum Kirkjugarðaráðs heldur Minjastofnunar Íslands. Ljóst er að skv. 33. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 ber að leita til Innanríkisráðuneytis um leyfi til að reisa mannvirki í aflögðum garði, en þar stendur: *Niðurlagðan kirkjugarð má ekki nota til neins þess sem óviðeigandi er að dómi prófasts*

(prófasti). Ekki má þar jarðrask gera né reisa nein mannvirki. Þó getur [ráðuneytið]¹⁾ veitt undanþágu frá þessu, að fengnu samþykki [kirkjugarðaráðs].²⁾ Af lagagreininni má ráða að framkvæmdaaðili þurfi heimild ráðuneytisins til að reisa hús á aflögðum kirkjugarði og að ráðuneytið þurfi að leita umsagnar Kirkjugarðaráðs. Byggingafulltrúi getur því ekki gefið út byggingaleyfi áður en leyfi ráðuneytisins er fyrir hendi. Framkvæmdastjóra var falið að svara formanni sóknarnefndar Dómkirkjunnar og upplýsa hann að Kirkjugarðaráð sé ekki aðili að þessu máli á þessu stigi og vísa honum til ráðuneytisins.

5. Krýsuvíkirkirkjugarður – svar Minjastofnunar Íslands við ósk um hugsanlega greftrun í kirkjugarðinum

Framkvæmdastjóra var falið að svara byggingarfulltrúa Hafnafjarðar með hliðsjón af umsögn sem Kirkjugarðaráð óskaði eftir frá Minjastofnun.

6. Höfðakirkjugarður Grýtubakkahreppi – leyfi til grafartöku

Framkvæmdastjóra falið að senda inn formlegt erindi varðandi málið til Minjastofnunar Íslands.

7. Endurskoðun laga um kirkjugarða – ábendingar sem Kirkjugarðaráð Óskar að koma á framfæri

Nefndin fór ítarlega yfir drög að breytingum, sem unnar höfðu verið, og var formanni og framkvæmdastjóra falið að svara bréfi innanríkisráðuneytis dagsettu 13. maí 2016 og koma breytingunum þar með á framfæri.

8. Næsti fundur

Verður haldinn í tengslum við kynnisferð um Borgarfjörð sem stefnt er að fara í þann 29. ágúst n.k.

9. Önnur mál.

Kristín Huld nefndi að Guðlaug Vilbogadóttir starfsmaður Minjastofnunar væri að yfirfara og lagfæra skráningu minningarmarka í Borgarfjarðarprófstdæmi. Vinnan mun taka nokkrar vikur en henni verður lokið á árinu.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið klukkan 17:06.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari